



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is


Reykjavík, 11. maí 2023


Efni: Umsögn frumvarp til breytinga á lögum um handiðnað (útgáfa sveinsbréfa), 948. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um handiðnað nr. 42/1978 (útgáfa sveinsbréfa), 948. mál. Segir í athugasemdum með frumvarpinu að með því sé útgáfa sveinsbréfa færð frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti til sýslumanns enda falli verkefnið vel að þeirri þjónustu sem sýslumenn veita í héraði. Samtökin fagna umræddri tillögu og vísa að almennt í umsögn samtakanna við frumvarpsdrögin í umsagnarferli á Samráðsgátt stjórnvalda. Umsögn sú fylgir með í viðhengi.

Samtökin vilja jafnframt áréttá mikilvægi þess að auka gagnsæi um útgáfu sveins- og meistarabréfa og telja tækifæri fólgin í umræddri breytingu að bæta upplýsingagjöf um þá aðila sem fengið hafa útgefin sveins- og meistarabréf í löggiltum iðngreinum. Listi yfir þá sem hafa fengið útgefin umrædd leyfisbréf er hvergi aðgengilegur almenningi. Í núgildandi lögum um handiðnað er lögð sú skylda á sýslumann að halda skrá yfir meistarabréf sem veitt eru samkvæmt lögnum en þá skrá er hvergi hægt að nálgast með miðlægum hætti. Er sýslumanni jafnframt gert, skv. 2. gr. frumvarpsins, að haldi skrá yfir sveinsbréf en þá kröfu virðist ekki mega leiða af lögnum í dag. Sú skrá hefur hins vegar verið haldin ýmist í mennta- og menningarmálaráðuneytinu eða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Eru því tækifæri með umræddri lagabreytingu til að sameina skrá um sveins- og meistarabréf og birta hana opinberlega. Það virðist vera einhver lagaleg óvissu um heimild til að birta skrárnar opinberlega og leggja samtökin því til að tekinn verði af allur vafi um þá heimild sýslumanns, með viðeigandi breytingu á 13. gr. laganna.

Virðingarfyllst,


Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs


Björg Ásta Þórðardóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs